



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 10. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Miðvikudagur 26.10.2011 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri

Boðuð forföll:

Fjarverandi:
Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., Norðurlandamót og önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Norðurlandamót:

Farið var yfir undirbúning mótsins og rætt það sem ekki var alveg á hreinu. Flest í sambandi við mótið á réttri leið. ÞI var með sýnishorn af verðlaunapeningnum og voru menn sátir við hann.

HH mun athuga með áprentanir og kaup á bolum, hafa samband við Jónas Gunnarsson og koma dagskránni á þá fjölmiðla sem hann þekkir. IGS ætlar að byrja að skoða olíuburði í samráði við mótstjóra og tækninefnd. GS og ÓPV ætla báðir að athuga hvort þeir fá betri verð í rúturnar.

Samþykkt var að rukka hvert félag um 25,000 á hvern keppanda.

3. Önnur mál:

HH mun afhenda verðlaunin í Íslandsmóti para í fjarveru ÞI.

Rætt var um póstsendingar Arnars Sæbergssonar og ákveðið að IGS sæi um svar tækninefndar og ÓPV mundi gera uppkast að svari stjórnar.

Fundi slitið 19:00 – næsti áætlaði fundur væri 9. nóvember, en ÞI og IGS munu hvorugir komast. Verður því fundur væntanlega 12 eða 13. Nón í sambandi við lokaskipulagninguna á Norðurlandamótinu – tölvupóstskipti fram að því nema eitthvað komi uppá.